

7. fundur Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningar- málaráðuneytinu 19. mars 2015, kl. 13-16.30.

Mættir:

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Edda Kjartansdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur Árni Haraldsson, Klara E. Finnbogadóttir, Kristín Valsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Sigrún Grendal, Steinunn Inga Óttarsdóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu tilkynnt forföll: Anna María Gunnarsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Gunnar Gíslason, Ingibjörg Kristleifsdóttir og Sigurbjörn Marinósson.

Sigurjón setti fundinn, fór yfir dagskrá og bauð fólk velkomið.

Fjármunir í símenntun og starfsþróun.

Klara E. Finnbogadóttir sagði frá störfum vinnuhóps um skýrsluna *STARFSÞRÓUN KENNARA - Greining á sjóðaumhverfi*. Greinargerð frá hópnum var send fulltrúum í fagráði fyrir fundinn og er aðgengileg á vinnusvæði fagráðs á vefnum. Í henni koma fram tillögur og hugleiðingar til fagráðs. Tími var ætlaður til umræðu á fundinum og var fundarmönnum skipað í þrjá hópa og tók hver hópur sérstaklega fyrir þrjú umræðuefni með áherslu á eitt þeirra. Niðurstöður frá þessari umræðu má sjá í sérstöku skjali.

- Skýrslan (http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2014/starfsthroun-kennara-greining-sjoda_13.02.15.pdf)
- Greinargerðin (<http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/150316greinargerdin.pdf>)
- Punktur frá umræðum (<http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/fjarmagnUmradaDb.pdf>)

Umræðan og greinargerðin eru efniviður í stefnumótunarvinnu fagráðsins. Fjármunir í símenntun og starfsþróun er málefni sem þarf að ræða áfram.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur hagsmunaaðila

Fulltrúar í stýrihópi sögðu frá vinnu sem farin er af stað í baklöndum í framhaldi af bréfi sem sent var út fyrir tilstuðlan stýrihóps. Til upplýsingar var þetta bréf sent út til fagráðsfulltrúa fyrir fundinn (><http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/brefid.pdf>). Rætt var um mikilvægi þess að vinna þessa vinnu og skila svörum til þess að meta meg og sjá hvernig línurnar liggja. Svörin munu hafa mikið að segja fyrir stefnumótunarvinnu fagráðsins.

Aðalheiður lagði til að haldinn yrði opinn fundur þegar svör úr baklöndum lægju fyrir. Þar yrði greint frá niðurstöðum og efnt til umræðu um þær. Úr þessu getur ekki orðið af fundinum fyrr en í maí. Fundarmönnum leist ágætlega á hugmyndina. Sólrún og Aðalheiður munu skipuleggja fundinn.

Vinnuhópar

Sagt var frá starfi vinnuhóps um ráðstefnuna *Future Teachers – A Profession at Crossroads*. Von er á greinargerð síðar í mars. Þar eru umfjöllunarefni sem þarf að taka fyrir á næsta fagráðsfundi. Greinargerðin fer inn á vinnusvæði fagráðs á vefnum.

Nýr vinnuhópur er að hefja störf og er honum ætlað að fjalla um þarfir fyrir símenntun og starfsþróun kennara. Til að byrja með er áherslan á TALIS.

Samræða við mennta- og menningarmálaráðherra

Illugi Gunnarsson kom á fundinn og átti stutt spjall við fagráðið. Hann var nýkominn frá Kanada þar sem hann hafði verið á ráðstefnu um forystu í skólakerfinu. Honum voru ofarlega í huga þeir mælikvarðar sem notaðir eru til að meta skólastarf og árangur nemenda, eðli mælikvarðanna og eins forsendur þeirra og hvar þeir væru þróaðir. Ráðherra talaði um nauðsyn þess að starfsþróun kallaðist á við það sem væri að gerast í háskólunum.

Illugi fékk fyrirspurn um hvernig hann sæi fyrir sér hlutverk háskóla í starfsþróun kennara og svaraði hann því þannig til að honum þætti æskilegt að starfandi kennarar gætu leitað inn í háskólana og kæmu þangað með reglubundnum/formlegum hætti. Samstarf háskólanna og starfsvettvangs er mikilvægt.

Fagráðið á sér langan aðdraganda og hlutverk þess er brýnt. Starfsþróun í þeirri mynd sem fagráðið mun gera tillögur um mun án vafa kosta aukin útgjöld og var Illugi upplýstur um það.

Illugi opnaði formlega upplýsingaveitu og lýsti ánægju með hana og taldi að hún myndi einfalda fólki yfirsýn yfir framboð á fræðslu sem stuðlar að starfsþróun þess.

Um upplýsingaveitu

Markmið upplýsingaveitu er fyrst og fremst að miðla og veita yfirsýn. Mikilvægt er að sem flestir fræðsluaðilar setji efni þar inn ef vel á að takast til. Upplýsingaveitan er staðsett á vef fagráðsins. Þeir sem setja inn efni á veituna þurfa að uppfylla þau skilyrði að vera lögaðilar og skipuleggja og bjóða fræðslu sem styrkir kennara, skólastjórnendur og ráðgjafa faglega í starfi. Þeir þurfa einnig að munu undirrita samning. Ritnefnd heldur áfram störfum við þróun upplýsingaveitunnar og að fylgjast með rekstri hennar og gangi. Fagráðsfulltrúar voru beðnir um að gera sitt til að kynna veituna í kringum sig og krækja í hana af sínum vefsvæðum. Punktum um upplýsingaveituna var dreift á fundinum (>UMtilfagrad.docx).

Önnur mál

Ákveðið var að halda annan fund í fagráði í vor. Sólrún mun í samvinnu við stýrihóp setja niður mögulegar tímasetningar fljótlega og bera undir fagráðið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari